

Hverfisráð Hríseyjar

100. fundur

Ár 2016, 25. maí kl. 16:00 var aðalfundur hverfisráðs Hríseyjar haldinn í Hlein.

Mætt voru: Anton Steinarsson, Þorgeir Jónsson og Linda María Ásgeirsdóttir frá hverfisráði. Einnig mættu á fundinn Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri, Halla Björk Reynisdóttir formaður framkvæmdaráðs og 30 aðrir fundargestir.

Fundarstjóri Þröstur Jóhannsson og ritari María H. Tryggvadóttir

1. Skýrsla nefndar, formaður hverfisnefndar kynnti

Hverfisráð hefur haldið alls 7 fundi á þessu starfsári. Ýmsu hefur verið komið í verk m.a. bætt nettenging, ærslabelgur settur upp á hátíðarsvæðinu, Hrísey var ein af þeim stöðum sem valið var í brothættar byggðir verkefnið og íbúar stofnuðu félag um rekstur verslunar í eyjunni.

Framundan eru mörg verkefni m.a. að helluleggja við grillið, halda áfram með uppbyggingu gönguleiða og ýmis verkefni í tengslum við brothættar byggðir. Skoða þarf húsnæðismál fyrir slökkviliðið og björgunarsveitina og framundan er hreinsunardagur 11.júní.

Auk þess er ýmislegt í kortunum m.a. fyrirhuguð gisting í presthúsinu, kaffihús í Austurvegi 12, veitingahúsið Verbúðin o.fl.

Þessi fundur er nr. 100 hjá hverfirráði Hríseyjar og eru nokkur mál enn ókláruð sem komið hafa á borð nefndarinnar og má þar m.a. nefna Austurvegin - vegagerð, götulýsingar, aðstöðuhús á Sandinum, sorpmál o.fl. Áhyggjum lýst yfir öll þau verkefni sem verið er að hlaða á verkefnastjóra brothættra byggða.

2. Kynning bæjarstjóra

Gönguleiðir og uppbygging þeirra í Hrísey er lofsverð og ærslabelgurinn sem settur var upp í fyrra verkefni sem er skemmtilegt og hefur vakið athygli. Nettengingar í sveitafélaginu er lífsspursmál til að geta byggt upp atvinnu og grundvöllur fyrir því að geta laðað að ungt fólk.

Mikilvægt er að samtal eigi sér stað um verkefni og hugmyndir. Mörg verkefni sem fyrir liggja tengjast framkvæmdarráði og fasteignum.

Góð ábending varðandi hvort verið sé að hlaða of mörgum verkefnum á starfsmann brothætta byggða. Skerpa þarf á verklýsingu.

3. Kosning í hverfisráð

Hermann Jón Erlingsson og Anton Steinarsson gáfu ekki kost á sér áfram.

Þorgeir Jónsson, Claudía Werdecker og Pétur Ásgeirs Steinþórsson voru kosin í nýja stjórn hverfisráðsins og Smári Thorarensen, Rósamunda Káradóttir og Friðrik Ingimarsson sem varamenn.

4. Önnur mál

- a) Aðstöðuhús á Sandinum (biðsalur fyrir farþega ferjunnar).
Umræða er í gangi við Vegagerðina og stefnt er að því að aðstöðuhúsið verði sett upp fyrir miðjan júní, undir bakkannum. Í húsinu verður biðaðstaða og snyrtingar. Húsið verður á vegum Vegagerðarinnar sem munu væntanlega sjá um viðhald og þrif.
- b) Sorpaðstaðan og flokkun: Verið er að skoða hvar setja á upp endurvinnslustöð. Það sem kemur til greina er endurvinnslustöð byggð úr gámum, endurvinnslustöð í gamla Jóruhúsinu eða við Sandshorn. Ekki komin nein tímasetning.
- c) Rarik
Akureyrarbær er að þrýsta á að þeir hanni nýtt kerfi þar sem núverandi kerfi er orðið úrelt og þarfnast mikils viðhalds og endurnýjunar, allt kostnaður sem fellur á Akureyrarbæ.
- d) Lýsing í Hrísey
Framkvæmdadeildin er að vinna að hönnun að lýsingu fyrir hverfi bæjarins og þar með talið Hrísey þ.e. verið er að skoða hvernig lýsingin á að vera á hverjum stað. Óskað er eftir hugmyndum frá íbúum hvernig hönnunin á að vera, lýsingin og styrkurinn.
- e) Austurvegurinn er ekki á dagskrá í ár en á framkvæmdaráætlun fyrri árið 2017. Stefnt er á að sett verði bundið slitlag frá því þar sem hellulögnin endar. Veginum verður samt viðhaldið í ár t.d. með holuviðgerðum og rykbindingu. Þetta er gamall vegur sem þarf að jarðvegskipta og laga frá grunni og er það mjög kostnaðarsöm aðgerð.
Spurt var hvort farið yrði í lagnir samtímis og vegaframkvæmdunum. Svarið er að þær eru á vegum Norðurorku og eru því ekki á dagskrá um leið og vegurinn verður lagaður a.m.k. ekki á vegum Akureyrarbæjar.
- f) Ípróttamiðstöðin
Spurt hvort til standi að skerða afgreiðslutíma ípróttamiðstöðvarinnar. Haft var samband við ípróttafulltrúa Akureyrarbæjar og er svarið að ekki sé nein umræða í gangi um skerðingu.
- g) Húsnæðið sem slökkviliðið og björgunarsveitin eru með (sitt hvort húsið við höfnina) eru orðin of lítil og því spurt hvort hægt sé að nýta Salthúsið/Sandshorn undir þá starfsemi. Húsið er samtals um 400 fermetrar.
Tillaga framkvæmdardeildar err að flytja áhaldahúsið líka inn í Salthúsið til að nýta plássið að fullu og jafnvel setja þangað inn flokkunarstöðina líka svo hægt sé að taka til og safna þessu öllu á einn stað.
Bent var á að húsið er eina lausa iðnaðarhúsnæði í eyjunni og ef til stendur að veita nýjum fyrirtækjum tækifæri til að byggja hér upp starfsemi verður að vera til eitthvað húsnæði. Einnig var spurt um möguleikann á að tengja núverandi húsnæði slökkviliðs og björgunarsveitar saman með tengibyggingu og ná þannig nauðsynlegri samlegð og stækkun. Ekki ríkir sátt um hugmyndirnar varðandi Salthúsið og var ákveðið að fulltrúar íbúa (hverfisráðið) og starfsmenn bæjarins myndu ræða saman og gera tillögu að lausnum og leggja fram raunhæfar hugmyndir.

- h) Hundagerði – óskað var eftir svæði þar sem hægt er að sleppa hundum, samkomustað fyrir hundaeigendur. Það er um 4-5 hundar í eyjunni.
- i) Öldrunarmálin – spurt var hvort eitthvað sé að gerast í málaflokkum varðandi aðkomu ríkisins og möguleika á heimili fyrir aldraða (hjúkrunarheimili) í Hlein. Ekki hefur verið unnið frekar með málið síðan 2014 þegar skoðað var hvort hægt væri að bjóða upp á „sumardvöl“ fyrir aldraða í Hlein. Eins og staðan er í dag fara aldraðir í Hrísey til Dalvíkur. Ekki eru taldar líkur á að hægt verði að bjóða upp á þjónustu í Hrísey þar sem nógu erfitt er að fá heimild fyrir rýmum/daggjöldum frá ríkinu, á Akureyri.
- j) Skólamálin – ef skólinn leggst af þá mun byggð í Hrísey deyja. Ýmsar breytingar fyrirhugaðar í skólanum. Fræðslustjóri lagði áherslu á að samvinna foreldra og skóla væri lykillinn að góðum skóla. Mikilvægt að íbúar/foreldrar barna styðji vel við skólann til að þetta geti gengið upp.
- k) Skólalóðin – foreldrafélaginu langar til að byggja upp t.d. hjólabrettagarð eða einhver leiktæki. Spurt var um stuðning frá bænum. Íbúar eru hvattir til að setja hugmyndir á blað með kostnaðaráætlun og senda inn til skólanefndar til að hægt sé að meta hugmyndina og skoða með fjármagn. Einnig þarf að sækja um leyfi til Fasteigna ef framkvæmdir eiga að fara fram á skólalóðinni.
- l) Tækjabúnaður í líkamsræktarstöðinni í íþróttamiðstöðinni. Mörg tækin voru keypt af íbúum á sínum tíma og eru orðin úrelt. Búið er að senda fyrirspurn til framkvæmdastjóra sundlaugarinnar um endurnýjun auk þess sem verkefnið er komið inn á verkefnalista brothættra byggða.
- m) Varðandi aðalskipulag og lóðarúthlutanir. Skipulagsmál í Hrísey hlíta sömu reglum og skipulagsmál á Akureyri.
- n) Þann 6. – 11. júní verða nokkrir starfsmenn Akureyrarbæjar með starfsaðstöðu í Hrísey (a.m.k. aðstoðarmaður bæjarstjóra og verkefnastjóri atvinnumála). Þann 7. Júní verður bæjarstóri einnig staddur í eyjunni.

Fundi slitið 18.00